

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Deiliskipulagsbreyting Skólabrautar 2-4 í Akratorgsreit.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 23. maí 2006, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Skólabrautar 2-4 í Akratorgsreit á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að lóðin nr. 2-4 við Skólabraut stækkar um 295,6 m² og verður eftir breytingu 811,8 m². Hluti húsnæðisins breytist úr atvinnuhúsnæði í tvær íbúðir. Alls verða fjórar íbúðir í húsinu. Á lóðinni er gert ráð fyrir þremur bílastæðum. Lóðin er fullbyggð.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Deiliskipulag kirkjugarðs og Byggðasafnsins að Görðum.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 23. maí 2006, var samþykkt endurskoðun á deiliskipulagi kirkjugarðsins og Byggðasafnsins að Görðum á Akranesi.

Endurskoðunin gerir m.a. ráð fyrir stækkun kirkjugarðs, breytingu á aðkomu að svæðinu og afmörkun byggingarreita fyrir kirkju, safnaðarheimili, safnaskála og fleiri byggingar.

Framangreint deiliskipulag var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 21. júní 2006.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

B-deild – Útgáfud.: 21. júní 2006